



Reglur um akstursþjónustu

I.kafli

1. gr

Markmið

Markmið með akstursþjónustu eldri borgara er að gera þeim kleift að komast á milli staða og að koma í veg fyrir félagslega einangrun.

2. gr

Forsendur fyrir umsókn

Akstursþjónusta eldri borgara er fyrir þá íbúa Hvalfjarðarsveitar sem eru 67 ára eða eldri, búa sjálfstætt og eru ófærir um að nota eigið farartæki m.a. vegna langvarandi hreyfihömlunar eða öldrunar. Þeir sem yngri eru en hafa þörf á akstursþjónustu sökum skertrar getu, geta einnig sótt um.

Akstur er veittur til innkaupa, í lækni-, bankaferðir og aðrar nauðsynlegar útréttingar ásamt ferðum í sundleikfimi í Heiðarborg og í opið hús eldri borgara.

Sækja þarf sérstaklega um akstursþjónustu til félagsmálastjóra sem metur hvert tilvik fyrir sig.

II.kafli

Umsóknir og ferðatilhögun

3. gr

Afgreiðsla og mat umsókna

Umsókn um akstursþjónustu skal berast á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar. Umsóknir skulu metnar tímabundið í mislangan tíma í senn eftir aðstæðum umsækjanda, þó aldrei lengur en til eins árs í senn.

4. gr.

Ferðatilhögun

Ferðir eru farnar á virkum dögum. Farþegar skulu leitast við að vera tilbúnir þegar þeir eru sóttir. Við sérstakar aðstæður skal veita farþega aðstoð við að komast í og úr bílnum.

III.kafli

Málsmeðferð

5. gr

Aðstæður umsækjanda eru kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist.

6. gr

Samvinna við umsækjenda

Öflun gagna og upplýsinga er unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

7. gr

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

8. gr

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Félagsmálastjóri tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði Fjölskyldunefndar Hvalfjarðarsveitar.

9. gr

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti.

10. gr

Málskot

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskyldunefndar til sveitastjórnar. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskyldunefndar Hvalfjarðarsveitar.

11. gr

Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn **9. júní 2015**

Reglur þessar skulu endurskoðast ár hvert.